

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sementsverksmiðjan Akranesi Akranes



| | | | |
|----------------------------|-----------------------------|--------------------------------|-----------------------|
| Dags eftirlits | 16.12.2020 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki | Sementsverksmiðjan Akranesi | Eftirlitsmaður | |
| Heimili | Mánabraut 20 | Tegund eftirlits | Lokunareftirlit |
| Kennitala | 5602695369 | Flokkur | Verksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gunnar H. Sigurðsson | ÍSAT nr. | 26.51.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 351068,21 427468,774 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór lokunareftirlit með starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar á Akranesi og telst frágangi lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit í Sementsverksmiðjuna á Akranesi, gildistími starfsleyfis rekstraraðila er til 31. desember 2024, en verksmiðjan hefur verið í lokunarferli síðan í febrúar 2012. Síðasta eftirlit fór fram í nóvember 2016 og var þá frágangur á námum í Hvalfirði talinn fullnægjandi og það því ekki skoðað í eftirliti nú. Ekki var talið tímabært við það eftirlit að fella niður starfsleyfi verksmiðjunnar þar sem enn væri framleiðsla á mélu í húsnæði verksmiðjunnar á Akranesi.

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa rekstraraðila þar sem farið var yfir niðurstöðu síðasta eftirlits og staðan tekin á starfseminni. Fram kom að meirihluti bygginga hefði verið afhentar sveitarfélaginu og að framleiðslu á mélu hefði verið hætt þegar leigusamningur rann út um áramótin 2016/2017. Starfsemin nú snýr eingöngu að innflutningi á sementi. Birgðir af járnsúlfati sem voru á staðnum hefur verið komið til förgunar. Staðfest var með tölvupósti 12. janúar 2021 að olíugeymir sem var á lóð verksmiðjunnar hefur verið fjarlægður og komið í viðeigandi farveg.

Farið var í skoðunarferð um lóð og húsnæði verksmiðjunnar. Svæðið var allt vel skipulagt og snyrtilegt og frágangur fullnægjandi.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar Vesturlands. Umhverfisstofnun hefur áfram eftirlit með Sementsverksmiðjunni þar til starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd liggur fyrir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.01.2021

Sigríður Magnúsdóttir